

**Ed.**

## **95. Breytingartillögur**

við frumv. til laga um húsaleigu.

Frá Brynjólfi Bjarnasyni.

Aftan við 8. gr. bætast þrjár gr. svo hljóðandi, og breytist greinatalan samkvæmt því:

- a. (9. gr.). Húseigendum eða forráðamönnum leiguíbúða er eigi heimilt að segja eignalausum og atvinnulausum leigjendum upp húsnæði, þótt þeir geti eigi greitt umsamda húsaleigu, nema húsaleigunefnd hafi áður úrskurðað, að húseigandi og leigjandi eigi ekki tilkall til greiðslufrests á áhvilandi lánum og vöxtum, sem á húseigninni hvíla samkv. 10. gr.
- b. (10. gr.). Húseigendur, sem vegna úrskurðar húsaleigunefndar geta eigi kafið leigjendur sína um húsaleigu, eða vegna atvinnuleysis sjálfra þeirra geta ekki greitt umsamda vexti og afborganir, og eru ekki svo efnun búnir, að þeir hafi önnur úrræði til að standa skil á þessum greiðslum, enda afkomu þeirra stefnt í hættu með missi húseignarinnar, skulu vera undanþegnir greiðslu afborgana og vaxta af lánum, sem hvíla á hinu leigða húsi, í hlutfalli við verð íbúðarinnar, meðan svo er ástatt. Greiðslufrestur þessi skal gilda þar til húseiganda hefir að opinberri tilhlutun verið bætt það tjón, er hann hefir beðið af greiðslufalli leigunnar, enda er skuld leigjanda þá ekki lengur kræf.
- c. (11. gr.). Til þess að standast kostnað af framkvæmd þessara laga heimilast bæjarstjórnnum að leggja stóribúðaskatt á íbúðir, sem að fasteignamati eru yfir 20000 kr. Skattur þessi skal vera stighækkandi. Reglugerð, er bæjarstjórn semur um þessa skattalagningu, skal staðfest af ráðherra. Tekjur af þessum skatti skulu renna í bæjarsjóð.